

Flutningsmaður tillögu: Þórhildur Elínardóttir Magnúsdóttir

Breytingartillögur eru yfirstrikaðar í gulu.

20. grein (2):

[...]

Fulltrúar skátafélaga með aðild B fara með 1 atkvæði.

Fulltrúar með atkvæðisrétt skulu vera starfandi skátar 16 ára og eldri. Enginn getur farið með fleiri en eitt atkvæði á Skátaþingi og eingöngu fyrir skátafélag sem hann er skráður félagi í. Einfaldur meirihluti greiddra atkvæða ræður úrslitum mála á Skátaþingi, nema um breytingu á lögum BÍS eða Grunngildum BÍS sé að ræða.

[...]

20. grein verður (2):

[...]

Fulltrúar skátafélaga með aðild B fara með 1 atkvæði.

Fulltrúar með atkvæðisrétt skulu vera starfandi skátar ~~16 ára og eldri~~. Enginn getur farið með fleiri en eitt atkvæði á Skátaþingi og eingöngu fyrir skátafélag sem hann er skráður félagi í. Einfaldur meirihluti greiddra atkvæða ræður úrslitum mála á Skátaþingi, nema um breytingu á lögum BÍS eða Grunngildum BÍS sé að ræða.

[...]

20. grein (2) rökstuðningur:

Skátarnir eru ungmennahreyfing með yfirsett markmið að styðja við og efla ungmennalýðræði. Um þetta markmið er t.d. fjallað í stefnu BÍS til ársins 2025. Þessi lagabreyting er til þess að tryggja aðgengi ungra skáta að Skátaþingi og þar með efla þátttöku þeirra í lýðræðislegum ferlum innan skátanna. Þetta abstrakt aldursviðmið sem tekið er fyrir hér fyrir ofan gerir lítið annað en að hefta aðgengi skáta á ákveðnum aldri að þessum lýðræðislegu ferlum. Breytingin er til þess gerð að opna Skátaþing enn frekar fyrir ungu fólki og jafnframt tryggja að þátttaka ungs fólks sé höfð í hávegum á þinginu.